

# LEIÐBEININGAR FYRIR HÖFUNDA ÍTARDÓMA, RITDÓMA OG RITFREGNA Í SÖGU

## ÍTARDÓMAR

Ítardómar skulu vera á bilinu 2500 til 5000 orð, en endanleg ákvörðun um lengd þeirra er í höndum ritstjóra. Fyrir neðan fyrirsögn ítardóms skulu koma upplýsingar um hvert og eitt þeirra verka sem fjallað er um, þ.e. um höfund þeirra, titil, útgáfustað og ár, blaðsíðufjölda og aðrar bókfræðilegar upplýsingar.

Dæmi:

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, ÍSLANDSSAGA TIL OKKAR DAGA (Helgi Skúli Kjartansson bjó til prentunar; Hrefna Róbertsdóttir valdi myndir; Anna Agnarsdóttir, Gunnar F. Guðmundsson og Magnús Þorkelsson sáu um útgáfuna). Sögufélag. Reykjavík 1991. 539 bls. Myndir, kort, töflur, atriðisorða-, staða- og mannanafnaskrár. – Guðmundur Hálfðanarson, ÍSLENSKA ÞJÓÐRÍKIÐ – UPPRUNI OG ENDIMÖRK. Íslensk menning. Ritröð ReykjavíkurAkademíu og Hins íslenska bókmenntafélags. Ritstj. Adolf Friðriksson og Jón Karl Helgason. Reykjavík 2001. 310 bls. Mannanafnaskrá. – KVENNASLÓÐIR. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi. Ritstjórar: Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir. Kvennasögusafn Íslands. Reykjavík 2001. 535 bls. Myndir, ritaskrá, mannanafnaskrá.

Vert er að hafa eftirfarandi atriði í huga við samninguna:

- Heimilt er að nota neðanmálgreinar og skipta dómnum upp í kafla.
- Hvert er viðfangsefni ritanna? Hvað er sameiginlegt með þeim og hvað skilur þau að? Forðast ber að rekja inntak ritanna nákvæmlega.
- Æskilegt er að setja viðfangsefni ritanna í víðara samhengi, eftir atvikum erlent, með almennri umfjöllun um viðkomandi rannsóknarsvið og -samhengi.
- Hvaða spurningum ætla höfundar að svara? Er þeim svarað?
- Draga höfundar fram nýjar heimildir? Hvernig er heimildanotkunin?
- Hvaða aðferðir og kenningar nota höfundar? Eru þær fullnægjandi?
- Taka höfundar tillit til rannsókna sem þegar hafa verið gerðar á viðkomandi fræðasviði og hvernig standa rit þeirra gagnvart þeim?
- Flytja verkin nýja þekkingu eða skilning á viðfangsefninu?
- Æskilegt er að styðja alla gagnrýni með dæmum, en óþarfi að tína til allar villur sem finnast. Ítardómur á að vera efnisleg gagnrýni en ekki prófarkalestur.

## RITDÓMAR

Ritdómar skulu að jafnaði vera að hámarki 1500 orð, en nýstárleg rannsóknarverk, umfangsmikil yfirlitsrit eða margbinda verk kunna að krefjast lengri umfjöllunar, allt að 3000 orðum. Endanleg ákvörðun um lengd ritdóma er í höndum ritstjóra. Í fyrirsögn ritdóms skal

koma fram nafn höfundar ritsins, titill, útgáfustaður og ár, blaðsíðufjöldi og aðrar bókfræðilegar upplýsingar.

Dæmi:

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, ÍSLANDSSAGA TIL OKKAR DAGA (Helgi Skúli Kjartansson bjó til prentunar; Hrefna Róbertsdóttir valdi myndir; Anna Agnarsdóttir, Gunnar F. Guðmundsson og Magnús Þorkelsson sáu um útgáfuna). Sögufélag. Reykjavík 1991. 539 bls. Myndir, kort, töflur, atriðisorða-, staða- og mannanafnaskrár.

Guðmundur Hálfðanarson, ÍSLENSKA ÞJÓÐRÍKIÐ – UPPRUNI OG ENDIMÖRK. Íslensk menning. Ritröð ReykjavíkurAkademíu og Hins íslenska bókmenntafélags. Ritstj. Adolf Friðriksson og Jón Karl Helgason. Reykjavík 2001. 310 bls. Mannanafnaskrá.

Vert er að hafa eftirfarandi atriði í huga við samninguna:

- Kaflaskipting er óþörf.
- Ekki skal nota neðanmálsgreinar, en þurfi höfundur að vísa til heimilda skal það gert innan sviga í texta.
- Hvert er viðfangsefni ritsins? Forðast ber þó að rekja inntak þess nákvæmlega.
- Hvaða spurningum ætlar höfundur ritsins að svara? Svarar hann þeim?
- Dregur höfundur fram nýjar heimildir? Hvernig er heimildanotkun höfundar?
- Hvaða aðferðir og kenningar notar höfundur? Eru þær fullnægjandi?
- Tekur höfundur tillit til rannsókna sem þegar hafa verið gerðar á viðkomandi fræðasviði og hvernig stendur rit hans gagnvart þeim?
- Flytur verkið nýja þekkingu eða skilning á viðfangsefninu?
- Æskilegt er að styðja alla gagnrýni með dæmum, en óþarfi að tína til allar villur sem ritdómari hefur fundið í ritinu. Ritdómur á að vera efnisleg gagnrýni en ekki prófarkalestur.

## RITFREGNIR

Ritfregn skal aðeins vera á bilinu 500 til 800 orð og því er ljóst að rúmið leyfir ekki ítarlega greiningu á verkinu. Í fyrirsögn skal koma fram nafn höfundar ritsins, titill, útgáfustaður og ár, blaðsíðufjöldi og aðrar bókfræðilegar upplýsingar. Dæmi:

KVENNASLÓÐIR. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi. Ritstjórar: Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir. Kvennasögusafn Íslands. Reykjavík 2001. 535 bls. Myndir, ritaskrá, mannanafnaskrá.

Eric John Hobsbawm, ÖLD ÖFGANNA. Saga heimsins 1914–1991 (Á ensku Age of Extremes. The Short Twentieth Century 1914–1991). Árni Óskarsson þýddi. Mál og menning. Reykjavík 1999. 648 bls. Nafnaskrá.

Vert er að hafa eftirfarandi atriði í huga við samninguna:

- Kaflaskipting er óþörf.
- Ekki skal nota neðanmálgreinar, en þurfi höfundur að vísa til heimilda skal það gert innan sviga í texta.
- Hvaða gildi hefur útgáfa viðkomandi rits?
- Hverjum og hvernig mun ritið helst nýtast?
- Greina skal frá viðfangi og helstu einkennum ritsins, án þess þó að rekja inntak þess nákvæmlega.
- Óhætt er að fjalla nánar um einstaka(r) grein(ar) í greinasöfnum sem ætla má að lesendur *Sögu* hafa sérstakan áhuga á, t.d. grein í fjölbjóðlegu greinasafni sem einkum fjallar um atriði úr íslenskri sögu.
- Óhætt er að setja fram rökstudda gagnrýni í stuttu máli, en forðast ber að telja upp (augljósar) villur, enda er ekki rúm til slíks.